



64. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 20. nóvember, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

Sviðsstjórar allra sviða mættu á fundinn, þau Matthías Imsland, Rolf Árnason og Ólöf Pálmadóttir.

Dagskrá:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001.
2. Vinnufundur vegna fjárhagsáætlunargerðar 2004.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001.
Lagt fram til kynningar.

2. Vinnufundur vegna fjárhagsáætlunargerðar 2004.

- *Matthías Páll Imsland, sviðsstjóri fræðslu-, félags- og menningarsviðs mætti á fundinn og fór yfir gjaldskrá, þjónustugjöld og ramma sviðsins. Vék hann af fundi kl. 18:45.*
- *Rolf Árnason, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs mætti á fundinn og fór yfir ramma sviðsins, lista yfir framkvæmdir og fjárfestingar. Vék hann af fundi kl. 20:20.*
- *Ólöf Pálmadóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn. Farið var yfir ramma sviðsins og fjárfestingar. Vék hún af fundi kl. 20:45.*

3. Önnur mál.

a) Þjónustuhús í Brautarhvammi. *Rolf Árnason sýndi nýjar teikningar af fyrirhuguðu þjónustuhúsi sem er 53 fm. af stærð. Gert er ráð fyrir salernis- og þvottaaðstöðu og geymslurými. Í teikningunum er gert ráð fyrir nýju deiliskipulagi fyrir Brautarhvammsvæðið. Bæjarráð samþykkir að haldið verði áfram með hönnunarferlið.*

b) Erindi frá Erlendi Magnússyni. *Erindinu var frestað á síðasta fundi bæjarráðs. Bæjartæknifræðingur lagði fram tillögur að endurskoðun fasteignagjalda og hitaveitu vegna Brimslóðar 8. Bæjarráð samþykkir tillögurnar.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:55.

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)